

Lagning 3 fasa strengs að þjónustumiðstöð Þingvöllum, Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 13. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Rarik um fyrirhugaða lagningu 3 fasa jarðstrengs að þjónustumiðstöð á Þingvöllum, Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning 3 fasa strengs að þjónustumiðstöð Þingvöllum í Bláskógabyggð fyrir byggingu rafhleðslustöðvar. Fyrirspurn um matsskyldu. Rarik, mars 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvupósti dags. 25. mars 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. apríl 2019
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 28. mars 2019
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 17. apríl 2019
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 2. apríl 2019
- Þingvallanefnd með tölvupósti dags. 8. apríl 2019

Ekki barst umsögn frá Ferðamálastofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. maí 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áætlað sé að leggja allt að 6 km langan, 11 kV háspennustreng frá Hakinu að Brúsastöðum með gömlu heimreiðinni og þaðan meðfram túnum Brúsastaða og yfir Biskupsbrekkuhraun yfir í slóð sem liggur að þjóðveginum þar sem strengurinn verður lagður með veginum að þjónustumiðstöð. Áætlað sé að plægja megnið af strengnum niður en á stuttum köflum þarf einnig að grafa, fleyga og fræsa fyrir honum.

Fyrirhugaður strengur mun þvera Öxará fyrir ofan Öxarárfoss ásamt Grímagilslæk og Hrutagilslæk/Leirulæk. Fram kemur í greinargerð Hafrannsóknastofnunar, sem var fylgiskjal með gögnum RARIK, að mikilvægt sé að framkvæmdir við vatnsföllin fari fram utan hrygningartíma fiska það er síðsumars og fram á haust.

Fram kemur að lagt hafi verið mat á tvo valkosti vegna lagnaleiðar, annars vegar áætlaðrar framkvæmdar (valkostur A) og hins vegar lagning strengsins meðfram þjóðveginum (valkostur B). Fram kemur í gögnum að kostnaður vegna lagningar meðfram þjóðveginum sé töluvert meiri vegna þess að fræsa þurfi mun meira fyrir strengnum.



Í umsögn Þingvallanefndar kemur fram að hún sé búin að samþykkja lagningu rafstrengsins með núverandi fyrirkomulagi eftir að Minjavörður hafi yfirfarið svæðið. Telur nefndin að ágætlega sé gerð grein fyrir þeim áhrifum sem framkvæmdin hafi í för með sér og að sá kostur sem valinn hafi verið lágmarki rask sem frekast má.

4 UMHVERFISÁHRIF

Jarðmyndanir og gróður

Fram kemur að algengasta vistgerðin á svæðinu sé Lynghraunavist sem hefur miðlungs verndargildi og finnst í eldri hraunum og sé algengust á Reykjaneskaga, Snæfellsnesi og Norðausturlandi.

Umhverfisstofnun telur að samkvæmt 3. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum séu jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu friðað. Hluti framkvæmdasvæðis er hraun sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Bendir stofnunin á að í greinargerð sé sagt að ekki verði farið í endurheimt gróðurs heldur verður jarðvegurinn látinn jafna sig sjálfur. Telur stofnunin mikilvægt til að forðast talsverð umhverfisáhrif og gróðurrask að staðargróður verði endurheimtur þegar framkvæmdum lýkur og að unnið verði eftir vöktunaráætlun varðandi endurheimt á staðargróðri sem mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun fer fram á að ef leyfisveitandi ákveði að veita leyfi fyrir framkvæmdinni þá rökstyðji þeir þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafi verið við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir hafi ekki orðið fyrir valinu. Einnig fer stofnunin framá að afrit af útgefnu leyfi sé sent stofnuninni.

Þar sem strengurinn fari eftir þjóðvegi sé að finna fallegar jarðmyndanir auk náttúrulegs birkiskógs sem falli einnig undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að í greinargerð sé ekkert fjallað um mótvægisáðgerðir við raski á þeim vernduðu jarð- og náttúruminum sem mun verða með framkvæmdinni. Umhverfisstofnun telur að á þessari strengsleið verði neikvæð umhverfisáhrif. Telur stofnunin að mikilvægt sé að fjalla um til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið til að sporna við umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að aðilar frá Umhverfisstofnun og Rarik hafi farið á staðinn og farið yfir áætlaða lagnaleið. Í nánari upplýsingum frá Umhverfisstofnun, eftir þá yfirferð, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við fyrirhugaða legu jarðstrengsins þar sem reynt sé að fara eftir röskuðu landi. Stofnunin tekur þó fram að skoða ætti að leggja strenginn í vegfláa á um 150 metra kafla svo hægt sé að komast hjá raski á hrauni á því svæði ásamt því að strengurinn færi um sprungu.

Í svörum Rarik kemur fram að formlega verði beðið um leyfi Vegagerðarinnar um að leggja strenginn í vegfláa á áðurnefndum kafla. Einnig kemur fram í svari Rarik að fullt tillit verði tekið til athugasemda Umhverfisstofnunar varðandi lagningu strengsins.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar í kjölfar upplýsinga um nýja tillögu að legu jarðstrengsins kemur fram að stofnunin fallist á tillögu RARIK um legu jarðstrengsins sunnan við Þingvallaveg frá punkti 252 og að þjónustumiðstöð. Með því sé hægt að komast hjá óafturkræfu raski á jarðminjum norðan við veginn. Stofnunin bendir á að á nýrri legu jarðstrengsins sé að finna jarðminjar og birki og þar sem ekki sé hægt að komast hjá raski sé mikilvægt að frágangur verði góður og að hann þurfi að vera unninn í samráði við fulltrúa Þjóðgarðsins.

Dýralíf

Fram kemur að allnokkrar rannsóknir hafi verið gerðar á dýralífi í Öxará á vegum Veidimálastofnunar. Mikið magn stórvaxinna urriða gangi í ána á haustin og í ánni sé helsti



hrygningarstaður urriða í Þingvallavatni og að hrogn og pokaseiði séu í mölinni við Drekkingsarhyl fram í júlí. Því sé mikilvægt að framkvæmdir við þverun Öxará fari fram utan hrygningartíma.

Fuglalíf

Fram kemur að ekki hafi verið kannað fuglalíf sérstaklega á umræddu svæði en það hafi verið gengið með Öxará og gjárnar skoðaðar með tilliti til ránfuglavarps. Lagnaleiðin liggja um búsvæði algengra fuglategunda og ekki sé vitað um ránfuglavarp í grenndinni. Fram kemur að framkvæmdir þurfi að fara fram utan varptíma fugla til að lágmarka áhrif á fuglalíf í grenndinni.

Umhverfisstofnun bendir á að í vistgerðum svæðisins sé að finna heiðlóu og spóa sem séu ábyrgðartegundir Íslands og að þær tegundir séu friðaðar. Leggur stofnunin áherslu á að búsvæðum ábyrgðartegunda verði ekki raskað og að framkvæmdin verði unnin utan varptíma.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Skoða þarf hvort að framkvæmdin kalli á breytingu á deiliskipulagi sem tengjast fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Jafnframt samþykki Þingvallanefndar samkvæmt lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu 6,2 km langs jarðstrengs frá Hakinu að þjónustumiðstöð á Þingvöllum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdinni verður lagður jarðstrengur nokkra kílómetra leið og verður hann að mestu plægður niður og rask líklega í lágmarki. Á köflum mun hins vegar verða nokkuð jarðrask vegna fleygunar, fræsunar og niðurgraftrar hans. Mikilvægt er að gengið verði frá framkvæmdasvæðinu þannig að rask verði sem minnst.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða alþjóðlegra viðmiða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem bundið er ýmsum verndarákvæðum m.a. innan þjóðgarðs og á Heimsminjaskrá UNESCO, auk þess sem lagning strengsins mun raska eldhrauni á kafla og birkiskógi sem bæði njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. náttúruverndarlaga. Mjög mikilvægt er því að öll vinna við framkvæmdir og frágang taki mið af þessum verndarákvæðum. Eins og áður hefur komið fram er lagnaleiðin nokkuð löng en mun hins vegar liggja að mestu um raskað land í kringum Brúsastaði og innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar.



Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar framkvæmdar, tímalengdar, óafturkræfni og áhrifa á fólk á framkvæmdartíma sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar munu fyrst og fremst felast í raski á Biskupsbrekkuhrauni þar sem er að finna bæði jarðmyndanir og vistgerðir sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga. Mikilvægt er, eins og framkvæmdaraðili kemur inná, að vinna verði að mestu framkvæmd þegar jörð er þurr til að draga úr hugsanlegu raski. Gæta þarf þess að þverun vatnsfalla fari fram utan hrygningartíma til að draga úr áhrifum á vatnalíf. Hafa ber ávallt í huga að um er að ræða mjög mikilvægt svæði sem nýtur ýmis konar verndar og þarf verklag og frágangur að taka mið af því. Umhverfisstofnun telur að mikilvægt sé að staðargróður verði notaður þegar framkvæmdum lýkur til að forðast umtalsverð umhverfisáhrif og að frágangur verði unninn í samráði við fulltrúa Þjóðgarðsins og tekur Skipulagsstofnun undir þá ábendingu. Áhrif framkvæmdirnar munu að einhverju leyti að verða óafturkræfar en rask mun jafna sig tiltölulega fljótt með góðum frágangi.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. ágúst 2019.

Reykjavík, 8. júlí 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson